



# **EINING-ÍÐJA**

**FÉLAGSBLAÐ**

1. tölublað  
26. árgangur  
Mars 2023

*Orlofsstaðir 2023*  
*Sprawy urlopowe*  
*Holiday matters*





**Útgefandi: Eining-Löja**  
Skipagötu 14 - 600 Akureyri  
Sími 460 3600 - ein@ein.is  
www.ein.is

**Ábyrgðarmaður:**  
Björn Snæbjörnsson

**Ritstjóri**  
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

**Forsíðumynd:**  
Ásgrímur Hallgrímsson

**Prentvinnsla:**  
Prentmet Oddi

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,  
í heild eða hluta, þó þannig  
að heimildar sé getið

# RAFÓS

- ✓ **RAFLAGNIR**  
-VIÐHALD OG NÝLAGNIR
- ✓ **HLEÐSLUSTÖÐVAR**  
FYRIR RAFBÍLA  
-UPPSETNING OG SALA
- ✓ **VIÐGERÐIR OG SALA**  
Á ÖLLUM GERÐUM HEIMILISTÆKJA
- ✓ **VARMADÆLUR**  
UPPSETNING OG SALA

VERIÐ VELKOMIN

Sími 519 1800  
rafos@rafos.is

**RAFÓS** 

Fylgist með okkur á facebook:  
Rafós Rofi

rafverktakar/heimilistækjaviðgerðir

Freyjunes 10 • 603 Akureyri • Sími 5191800 • rafos@rafos.is  
Opið virka daga milli 08:00 – 16:00

## *Punktakerfið tryggir sanngirni*

Það er mjög eftirsótt meðal félagsmanna Einingar-Löju sem og annarra landsmanna að fá að dvelja í orlofshúsum í einhvern tíma í sumarleyfum eða á öðrum tíma. Því þarf að vanda til úthlutunar til þess að allrar sanngirni sé gætt.

Til þess að gæta sem mestrar sanngirni við úthlutun orlofshúsa og orlofsíbúða hefur félagið notað og þróað punktakerfi sem þykir hafa reynst vel. Hver félagsmaður vinnur sér inn einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir til félagsins. Engu máli skiptir hve há upphæð félagsgjaldsins er í hverjum mánuði. Þeir sem síðan hafa safnað flestum punktum þegar kemur að úthlutun ganga fyrir þegar mikil ásókn er í húsin. Þegar félagsmaður fær úthlutað tíma í orlofshúsi dregst tiltekinn punktaföldi frá inneign viðkomandi þannig að tryggt er að þeir sem fá úthlutað dvöl í orlofshúsi eru ekki áfram eftir á blaði, en halda þó auðvitað áfram að safna sér punktum fram að úthlutun næsta árs með því að greiða félagsgjöld.

**Frádráttur orlofspunkta er mismunandi eftir tímabilum og eftir því hvað er leigt:**

24 punktar fyrir tvær fyrstu og síðustu sumarvikuna.

36 punktar fyrir aðrar sumarvikur.

Allt að 18 punktar fyrir „Orlof að eigin vali“.

*Starfsfólk Enor  
sendir félagsmönnum Einingar-Löju  
orlofskveðjur*

 ENOR

Hafnarstræti 53  
600 Akureyri

S 430 1800  
E enor@enor.is

www.enor.is



**Pacta.**

**Traust lögfræðipjónusta  
sem byggir á reynslu og  
þekkingu á aðstæðum**



**Pacta** Lögmenn

Hafnarstræti 91-95 / 600 Akureyri / [pacta.is](http://pacta.is)



# Orlof 2023

## Ágætu félagar!

Enn og aftur er runninn upp sá tími ársins að ykkur berst í hendur orlofsblað félagsins, enda er daginn tekið að lengja og þá er tímabært að fara að huga að sumarleyfunum og þeim möguleikum sem eru í boði fyrir félagsmenn Einingar-löju. Í þessu orlofsblaði eru þeir möguleikar kynntir og ýmsar aðrar upplýsingar sem máli skipta fyrir félagsmenn sem hug hafa á að nýta sér þá orlofskosti sem í boði eru. Megináhersla er eins og áður lögð á að kynna þau orlofshús og orlofsíbúðir sem félagið hefur til umráða og leigu til félagsmanna á komandi sumri. Sem fyrr býður félagið hús og íbúðir af mismunandi stærðum og gerðum, í mismunandi umhverfi og í öllum landshlutum.

## Orlofshúsavetur félagsins

Einungis er hægt að sækja um orlofshús og orlofsstyrki á rafrænan hátt á orlofshúsavetur félagsins. Í blaðinu má finna upplýsingar/skýringarmyndir til að auðvelda umsóknarferlið.

Hægt er að skrá sig inn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum í síma eða á korti. Ef þú lendir í vandræðum við að senda inn umsókn getur þú fengið aðstoð á skrifstofum félagsins.

## Ekki bara hús í boði

Að venju geta félagsmenn sótt um á orlofsvefnum „Orlof að eigin vali“ og keypt ferðaávisun sem tryggir bestu kjörin á gistingu á hótélum og gistiheimilum um allt land. Einnig er hægt að nota ferðaávisunina upp í gönguferðir, en samið var við Ferðafélag Íslands, Útivist og

Fjallafjör um að taka við Ferðaávisun stéttarfélagana. Félagsmenn njóta sérkjara á völdum ferðum en einnig má nota Ferðaávisun upp í hvaða ferð sem er á vegum þessara fyrirtækja.

Á orlofsvef félagsins geta félagsmenn einnig keypt tvö niðurgreitt gjafabréf í flug hjá Niceair. Þá verður enn og aftur boðið upp á að kaupa Veðikortið og Útilegukortið á sérkjörum. Kaupa þarf kortin í gegnum Orlofshúsavefinn, þá sendist pöntun til viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna.

## Dýrahald bannað, nema í Giltúni!

Stranglega er bannað að hafa með sér hunda og önnur gæludýr í öllum húsum félagsins, nema í orlofshúsi sem félagið er með á leigu í Giltúni í Ölfusi sumarið 2023. Dæmi eru um að slæm ofnæmistifelli hafi komið upp og því er komið inn í leigusamning að leigutaki skuldbindur sig til að borga kr. 25.000 sekt ef þessi regla er brotin.

**Þó svo að orlofsblað félagsins sé borið inn á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu geta einungis félagsmenn sótt um þá valkosti sem í boði eru í sumar og fjallað er um í blaðinu.**

Um leið og við óskum þess að sem flestir fái notið þess sem í boði er þá hvetjum við sem fyrr til þess að leigjendur og allir félagsmenn taki höndum saman um að ganga sem best um húsin okkar.

**Munum; húsin er sameign okkar félagsmanna og ef allir umgangast þau í**

**Einungis er hægt að sækja um orlofshús og orlofsstyrki á rafrænan hátt á Orlofshúsavetur félagsins!**

**samræmi við það verður dvöl allra í þeim betri og ánægjulegri.**

Allar nánari upplýsingar um orlofshús eru veittar á skrifstofu Einingar-löju á Akureyri, í síma 460 3600, ein@ein.is eða á [www.ein.is](http://www.ein.is) og þar fer skráning einnig fram.

**Síðasti skiladagur umsókna er föstudagurinn 21. apríl**, en úthlutun fer fram nokkrum dögum síðar.

Þeir sem fá úthlutað þurfa að vera búnir að ganga frá greiðslu í síðasta lagi þriðjudaginn 2. maí.

Föstudaginn 5. maí kl. 10:00 verður opnað á netinu fyrir það sem enn verður laust. Þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær. Einnig verður hægt að hafa samband við skrifstofur félagsins til að fá upplýsingar um lausar vikur.

*Ritnefnd Einingar-löju óskar félagsmönnum alls hins besta í komandi orlofi og minnir á að ýmsar upplýsingar varðandi hús, ferðir og annað sem máli skiptir koma fram í blaðinu og því getur verið gott að geyma það og hafa við höndina. Félagmenn eru samt hvattir til að fylgjast vel með vefnum okkar, [www.ein.is](http://www.ein.is), því þar munum við setja inn allar nýjungar eða breytingar varðandi orlofskosti.*

## Styrkir úr sjúkrasjóði - breytingar

Á fundi stjórnar sjúkrasjóðs í desember var samþykkt að hækka og breyta nokkrum styrkjum sem greiddir eru úr sjúkrasjóði félagsins. Styrkir sem breyttust eru vegna gleraugna-

glerja, heyrnartækja og líkamsræktar. Einnig var bætt við einum styrk en nú er kominn sérstakur styrkur vegna Heilsustofnunarinnar í Hveragerði.

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar og gilda frá og með 1. janúar sl.

- \* Nýr styrkur, er nú skráð og tekið sem sjúkrabjálfunarstyrkur.
- \*\* Allir styrkir gilda í 5 ár eftir að fólk hættir að vinna en þó ekki eftir 75 ára aldur viðkomandi. Áður var hægt að sækja um í 2 ár eftir að félagsmenn hættu að vinna.

**Á heimasíðu félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is), má lesa meira um styrki og dagpeninga sem greiddir eru úr sjúkrasjóðnum.**

Styrkur	Fyrir breytingu		Eftir breytingu		Hvernig
	% af upphæð	kr. hámark	% af upphæð	kr. hámark	
Gleraugnagler	35	50.000	35	60.000	3ja ára fresti
Heyrnartæki	35	60.000	35	70.000	3ja ára fresti
Líkamsrækt	35	23.000	50	26.000	12 mán. tímabili
*Heilsustofnun Hveragerði				100.000	3ja ára fresti
** Hættir að vinna					

# Orlof að eigin vali

Undanfarin ár hefur félagið haft í boði styrki sem kallast „Orlof að eigin vali“ og hafa þessir styrkir verið vel nýttir af félagsmönnum. Í ár mun félagið verja allt að kr. 7.800.000 í „Orlof að eigin vali.“ Félagsmenn geta sótt um 300 slíka styrki, hver þeirra er að upphæð kr. 26.000, og er styrkloforðum úthlutað eins og orlofshúsunum.

**Sækja þarf um í síðasta lagi 21. apríl nk.**

**ATHUGIÐ!** Einungis er hægt að sækja um rafrænt, á Orlofshúsavef félagsins. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu eða eru í vandræðum með að sækja um í gegnum félagavefinn geta fengið aðstoð á skrifstofum félagsins.

Hægt er að nota fjárhæðina t.d. til leigu á orlofshúsi (ATHUGIÐ! ekki þau sem eru í eigu Einingar-löðu),

hótelherbergi, tjaldvagni eða fellihýsi, flugfar innanlands eða erlendis, allt eftir óskum hvers og eins. Hámark á hvern félagsmann er eins og áður segir kr. 26.000, en þó aldrei hærra en 50% af kostnaði.

Dregnir verða 18 punktar af þeim félagsmönnum sem nýta sér alla upphæðina og hlutfallslega fyrir lægri upphæð. Greiðsla fer fram eftir að ferðalagi lýkur en félagsmenn þurfa að framvísa reikningi fyrir dvöl eða ferð.

„Orlof að eigin vali“ gildir fram til áramóta. Það þýðir að þeir sem fá úthlutað þurfa að koma með reikninga eða farseðla fyrir næstu áramót til að fá endurgreitt.

**ATHUGIÐ! Framvísa þarf löglega númeruðum vsk. reikningum eða farseðlum!**



**NÝSMÍÐI - VIÐHALD  
BREYTINGAR**



**SKG**  
VERKTAKAR

**ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐI**

# Greitt úr Félagsmannasjóði

*Félagsmenn innan Starfsgreinasambandsins, þar á meðal Einingar-löju, sem starfa hjá sveitarfélögum fá í samræmi við síðustu kjarasamninga greitt 1,5% af launum sínum í Félagsmannasjóð. Auk sveitarfélaga greiða einnig í sjóðinn Heilsuvernd, Hólmasól og Hamrar, útilífsmiðstöð skátar.*

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 1. febrúar ár hvert samkvæmt stofnskrá sjóðsins. Fyrstu tvö árin hélt Starfsgreinasambandið utan um starfsemi sjóðsins og sá um að greiða út til félagsmanna. Í september í fyrra var ákveðið að hvert félag taki yfir sjóðinn fyrir sína félagsmenn. Umfangið var of mikið fyrir SGS og tókst því ekki að leysa verkefnið með viðunandi hætti. Því sér Eining-löja um þessar greiðslur til sinna félagsmanna frá þeim tíma.

Forsenda þess að hægt sé að greiða úr sjóðnum er að Eining-löja hafi kennitölu, bankaupplýsingar, síma og netfang félagsmanna sem eiga rétt á að fá greiðslu úr sjóðnum. Þegar greitt var úr sjóðnum þann 1. febrúar sl. vantaði slíkar upplýsingar hjá um 350 félagsmönnum. Því var ákveðið að greiða aftur úr sjóðnum 15. febrúar og 2. mars til þeirra sem skiluðu inn umbeðnum upplýsingum.

## **Tæpar 90 milljónir**

1. febrúar sl. var greitt úr Félagsmannasjóði rúmlega 83 milljónir króna til 1.576 félagsmanna Einingar-löju. 15. febrúar sl. fengu 103 félagsmenn greitt úr sjóðnum alls um 4,5 milljónir króna. 2. mars sl. fengu 79 félagsmenn greitt úr Félagsmannasjóði rúmlega 2 milljónir króna.

Því hafa 1.758 félagsmenn fengið greitt tæplega 90 milljónir króna á þessu ári. Athugið að ekki hefur verið tekin staðgreiðsla af upphæðinni sem greidd er út til félagsmanna. Því þarf að greiða skatta af þessum greiðslum eftir á.

## **Ekki láta framlagið fara til spillis**

Nú á félagið eftir að fá upplýsingar frá 169 félagsmönnum

sem eiga inni í sjóðnum alls tæpar 1,6 milljónir króna. Því verður enn og aftur greitt úr sjóðnum síðar á árinu. Ef þú áttir von á að fá greitt úr sjóðnum en hefur ekkert fengið þá skaltu skrá þig inn á Mínar síður félagsins þar sem þú getur kannað hvort við séum með réttar upplýsingar um þig og lagfært ef þörf krefur. Ekki láta 1,5% framlagið þitt í sjóðinn fara til spillis!

## **Eru þínar upplýsingar réttar?**

Ef þú kemst ekki inn á síðuna eða hefur einhverjar spurningar í sambandi við Félagsmannasjóðinn þá máttu endilega senda tölvupóst á [rosfrid@ein.is](mailto:rosfrid@ein.is)

## **Hvað með eldri ár?**

Hvað varðar greiðslur til starfsmanna sveitarfélaga sem bár-ust Félagsmannasjóðnum fyrir yfirtöku félagsins í byrjun ársins 2022 er vert að benda á að töluverð vinna er framundan við að gera upp við viðkomandi félagsmenn. Starfsgreinasambandið var áður með sjóðinn og þar er verið að vinna í uppgjöri á sjóðnum. Við komum til með að greiða út vegna árána 2021 og 2020 þegar við höfum fengið þær upplýsingar. Eins og staðan er getum við því miður ekki svarað til um hvenær það verður. Beðist er velvirðingar á því. Þegar þeirri vinnu er lokið verður endanlega gert upp við félagsmenn.

Í grein 13.8 í samningi SGS við sveitarfélögin er fjallað um Félagsmannasjóð, þar stendur m.a.:

*Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í félagsmannasjóð sem nemur 1,5% af heildarlaunum félagsmanna. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 1. febrúar ár hvert samkvæmt stofnskrá sjóðsins.*


*Félagsmannasjóðurinn er stofnsettur vegna kröfu ASÍ félaga um jöfnun lífeyrisréttinda milli starfsmanna á almennum vinnumarkaði og opinberra.*





# Pekkir þú valkostina?

## TRYGGINGAÐEILD



- Ævilöng eftirlaun
- Örorkulífeyrir
- Makalífeyrir
- Ávaxtast í hlutfalli við ávöxtun sjóðsins

## TILGREIND SÉREIGN\*



- Meiri sveigjanleiki við starfslok
- Erfist við fráfall
- Ávaxtast eftir ávöxtunarleið tilgreindrar séreignar
- Heimilt að nýta skattfrjálst til kaupa á fyrstu fasteign ef hámarki er ekki náð með hefðbundinni séreign

## SÉREIGN



- Meiri sveigjanleiki við starfslok
- Erfist við fráfall
- Ávaxtast eftir ávöxtunarleið sem þú velur
- Mótframlag launagreiðanda jafngildir 2% launahækkun
- Heimilt að ráðstafa skattfrjálst til kaupa á fyrstu íbúð og inn á íbúðalán

\* Eingöngu val fyrir þá sem falla undir kjarasamninga ASÍ og SA eða kveðið sé á um það í ráðningarsamningi.



Strandgötu 3, 600 Akureyri  
Bakkavegi 5, 740 Neskaupstað

Sími 460 4500  
stapi@stapi.is

www.stapi.is



SKÓGARBÖÐ  
*geothermal spa*

BÓKAÐU  
AÐGANG



forestlagoon.is

# Starfsmannamál

Nokkuð hefur verið um tilfæringar og breytingar hvað varðar starfsmannmál félagsins að undanförmu.

## Nýr afgreiðslufulltrúi

Nýlega tók Vilhelm Adolfsson við starfi afgreiðslufulltrúa félagsins á Akureyri. Áður hafði Vilhelm gegnt starfið Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits hjá félaginu frá árinu 2016.

## Nýr verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits

Þegar Vilhelm færði sig um set innan skrifstofunnar var auglýst eftir nýjum verkefnastjóra og bárust 23 umsóknir. Ráðningarfyrirtækið Mögnum, ásamt fulltrúum frá félaginu, sá um allt ferlið og bauð nokkrum umsækjendum í viðtöl. Að lokum var Ríkarð Svavar Axelsson ráðinn í starfið og hóf hann störf 1. febrúar sl.

Nokkur stéttarfélög sem eru starfandi í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra gerðu með sér samkomulag árið 2016 um stórauikið vinnustaðaeftirlit með því að ráða einn sameiginlegan starfsmann fyrir svæðið. Ríkarð tók við starfinu af Vilhelm sem gegnt hafði því frá upphafi og starfar fyrir 11 stéttarfélög, hann er með aðsetur á skrifstofu Einingar-löju

á Akureyri en skipuleggur og fer í vettvangsferðir á vinnustaði á samningssvæðinu sem er Eyjafjörður, Skagafjörður og Húnavatnssýslur.

## Nýr Virk fulltrúi

Katla Hildardóttir, hjúkrunarfræðingur og markþjálfari, hefur verið ráðin nýr VIRK fulltrúi í stað Svönu Símonardóttur sem nýlega lét af störfum. Katla hóf störf þann 1. mars sl. en hún var ráðin úr hópi 31 umsækjanda um starfið. Ráðningarfyrirtæki, ásamt VIRK fulltrúum úr Reykjavík og fulltrúum frá félaginu, sá um allt ferlið og bauð nokkrum umsækjendum í viðtöl. Að lokum var ákveðið að ráða Kötlu, en hún hefur síðastliðin þrjú ár starfað sem ráðgjafi hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands.

## Þjónustufulltrúi í Fjallabyggð

Um miðjan febrúar var auglýst laust starf þjónustufulltrúa félagsins í Fjallabyggð. Umsóknarfrestur var til 6. mars sl. og þegar blaðið fór í prentun var ráðningarferlið enn í gangi.

Eining-löja býður þau Ríkarð og Kötlu velkomin í starfsmannahópinn.



Vilhelm Adolfsson.



Ríkarð Svavar Axelsson.



Katla Hildardóttir.

## Starfslokánámskeið í lok mars

Eining-löja, í samvinnu við SÍMEY, stendur fyrir starfslokánámskeiði fyrir félagsmenn sína í lok mars. Námskeiðið er ætlað þeim sem nálgast eftirlaunaaldur með það að markmiði að fræða viðkomandi um rétt sinn og leiðbeina við starfslok. Síðast hélt félagið námskeið sem þetta í febrúar 2020.

Námskeiðið, sem er frítt fyrir félagsmenn, verður haldið dagana 28. og 30. mars 2023. Námskeiðið fer fram í húsnæði SÍMEY á Akureyri, Þórsstíg 4, og stendur yfir milli frá kl. 17:00 til 20:00 báða dagana.

Síðasti skráningardagur er 24. mars nk. Skráning á námskeiðið fer fram á heimasíðu SÍMEY.

Dagskrá er eftirfarandi:

Fyrri hluti – Þriðjudagur 28. mars		
17:00-17:30	Námskeið sett, félagið okkar við starfslok	Fulltrúi frá Einingu-löju
17:30-18:30	Stapi - lífeyrissjóður	Jóna Finndís Jónsdóttir og Kristín Hilmarsdóttir
18:30-18:45	Hressing	
18:45-19:30	Kúnstin að hætta að vinna	Líney Úlfarsdóttir sálfræðingur
19:30-20:00	Virk efri ár	Héðinn Svarfdal Björnsson, tómstunda- og forvarnarmál hjá Akureyrarbæ

Seinni hluti - Fimmtudagur 30. mars		
17:00-17:40	Almannatryggingar og lífeyrismál	Gunnlaug Lára Valgeirsdóttir og Jóna Mattíasdóttir frá Sjúkratryggingum og TR
17:40-18:10	Kynning frá félag eldri borgara Akureyri	Hallgrímur Gíslason, formaður EBAK
18:10-18:25	Hressing	
18:25-18:55	Félagsstarf eldri borgara á vegum sveitarfélaga	Halla Birgisdóttir forstöðumaður
18.55-19:45	Heilsuefandi fyrirlestur	Sonja Sif Jóhannsdóttir Íþróttafraeðingur
19.45-20.00	Svo lengi lærir sem lifir	Ingunn Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri hjá SÍMEY
20:00- 20:15	Samantekt og lok	



# Á ég rétt á orlofsuppbót?

Eining-Ídja vill minna félagsmenn sína á rétt sinn til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. en það er föst fjárhæð sem atvinnurekendum er skylt að greiða starfsfólki sínu í maí/júní ár hvert. Uppbótin miðast við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, inniheldur orlof og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum kjarasamninga. Áunna orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar.

Þeir sem starfa eftir almenna samningnum og hjá ríkinu eiga að fá orlofsuppbótina borgaða 1. júní og þeir sem starfa hjá sveitarfélögum þann 1. maí. Orlofsuppbótin árið 2023 miðað við þá sem eru í 100% starfi er:

**Almenni markaðurinn, kr. 56.000**

**Ríki, (Ósamið) upphæð síðasta árs var kr. 53.000**

**Sveitarfélögin, kr. 54.350**

Á heimasíðu félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is), má finna töflu sem sýnir upphæð orlofsgreiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma.

## Frábær útivist



Eitt kort  
37 vötn  
8.900 kr



[veidikortid.is](http://veidikortid.is)



Við  
erum þín  
ferðaskrifstofa  
á Austurlandi.  
Ferðumst allt árið!  
Tanni Travel  
[www.tannitravel.is](http://www.tannitravel.is)



**EINING-ÍÐJA STENDUR VÖRÐ  
UM RÉTTINDI ÞÍN!**

460 3600 / [ein@ein.is](mailto:ein@ein.is) / [www.ein.is](http://www.ein.is)

**Pólar  
HESTAR**

# Hestaferðir



Við bjóðum upp á stuttar hestaferðir alla daga sem henta knöpum á öllum aldri og með mismunandi reynslu. Kaffi og kökur fylgja í lok hverrar ferðar.

[www.polarhestar.is](http://www.polarhestar.is)

Vinsamlegast bókið með fyrirvara: 89 6 1879

Pólar Hestar – Grýtubakki II – 601 Akureyri

Upplagt að líta við á Grenivík í leiðinni:

[www.grenivik.is](http://www.grenivik.is)



## Vissir þú að...

### Allir eiga rétt á að fá launaseðil öll mánaðamót!

Skoðu launaseðilinn þinn

## Hafðu samband - 100% TRÚNAÐUR



# Breytt styrkhlotfall fræðslusjóðanna

Vegna áhrifa Covid 19 settu fræðslusjóðirnar Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt af stað átak í fræðslu sem hófst 15. mars 2020. Hluti átaksins fólst í því að endurgreiðsluhlutfall styrkja hækkaði tímabundið úr 75% í 90% hjá bæði fyrirtækjum og til einstaklinga.

Nú er átakanu lokið og stjórnir sjóðanna hafa ákveðið að endurgreiðsluhlutfallið fari í 80% hjá fyrirtækjum og 80% til einstaklinga hjá Landsmennt og Sjómennt. Hjá Ríkismennt og Sveitamennt 80% til einstaklinga. Breytingin tók gildi 1. janúar 2023 gagnvart því námi sem hefst eftir þann tíma.



Að hámarki geta félagsmenn fengið styrk að upphæð kr. 130.000 á ári, en félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár, eiga rétt á styrk allt að kr. 390.000 fyrir eitt samfellt nám/námskeið skv. reglum sjóðanna.

## Almennt um skilyrði fyrir umsókn

- Félagsmaður sem unnið hefur fullt starf í a.m.k. 6 mánuði af síðustu 24 og greitt til aðildarfélags sjóðanna á þeim tíma á rétt á stuðningi til náms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum.
- Við ákvörðun upphæðar er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða. Félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða meira gefur fulla styrkuppheð.

## Nánari upplýsingar

Aðalbjörg G. Hauksdóttir, starfsmaður félagsins, [adalbjorg@ein.is](mailto:adalbjorg@ein.is) eða 460 3600, veitir nánari upplýsingar um styrki úr fræðslusjóðunum. Einnig er hægt að nálgast allar upplýsingar um sjóðina á heimasíðu félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is) undir sjóðir og styrkir og á heimasíðum sjóðanna [www.landsmennt.is](http://www.landsmennt.is), [www.rikismennt.is](http://www.rikismennt.is) og [www.sveitamennt.is](http://www.sveitamennt.is).

**Athugið!** Félagsmenn þurfa að skila umsókn inn til félagsins sem sér um afgreiðslu. Nú hefur Eining-löja opnað fyrir Mínar síður þar sem félagsmenn skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli og geta m.a. sótt um raf-rænt þá styrki sem í boði eru í sjúkrasjóði og í fræðslusjóði. Við hvetjum félagsmenn til að skrá sig inn til að prófa síðuna. Ef þið lendið í vandræðum með innskráninguna þá er starfsfólk félagsins boðið og búið að aðstoða ykkur. Félagsmenn, skoðið vel og lagið ef þarf banka-upplýsingar, símanúmer og netföng.

*Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni, um er að ræða stéttarfélag innan Starfsgreinasambands Íslands (SGS).*

*Ríkismennt er þróunar- og símenntunar-sjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS.*

*Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS.*

## Kjarasamningur við Samband íslenskra sveitarfélaga

# Frestun niðurfellingar orlofsdaga

Starfsgreinasambandið hefur gengið frá samkomulagi við samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga um frestun niðurfellingar orlofsdaga skv. grein 4.3.1 í gildandi kjarasamningi. Í samkomulaginu felst að í þeim tilfellum sem starfsfólki hefur ekki verið gert kleift að taka uppsafnað orlof samkvæmt skýringar-texta við greinina verði þeim aðstæðum mætt af hálfu vinnuveit-

enda með gerð skriflegs samkomulags við viðkomandi starfsfólk um hvernig töku uppsafnaðs orlofs verði lokið. Gerð samkomulags skal lokið eigi síðar en 15. apríl 2023.

Náist slíkt samkomulag ekki, skal vinnuveitandi tilkynna starfsmanni eigi síðar en 1. maí 2023 hvernig orlofstöku skuli háttáð þannig að tryggt verði að starfsmaður nái að ljúka töku uppsafnaðs orlofs.

### Grein 4.3.1

Í skýringarákvæðinu með gr. 4.3.1 í gildandi kjarasamningnum er starfsfólki sem átti gjaldfallið orlof þann 1. maí 2020, allt að 60 dögum, gefinn frestur til ljúka töku orlofsins fram til 30. apríl 2023, en að öðrum kosti falli það niður. Grein 4.3.1 hljóðar svo:

**4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Töku áunnins orlofs skal alltaf lokið fyrir lok orlofsársins, sjá þó gr. 4.6.1 og 4.6.2.**

**Samkvæmt orlofslögum nr. 30/1987 er framsal orlofslauna og flutningur þeirra milli orlofsára óheimill.**

**Hafi starfsmaður sem átti gjaldfallið orlof þann 1. maí 2020, allt að 60 dögum, ekki nýtt þá daga fyrir 30. apríl 2023, falla þeir dagar niður sem eftir standa.**





# Mínar síður fyrir félagsmenn Einingar-Iðju


Nú hefur Eining-Iðja opnað fyrir „Mínar síður“ á heimasíðu félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is). Þar geta félagsmenn skráð sig inn og séð ýmsar upplýsingar um sig sem félagið hefur, séð punktastöðu sína, skoðað og sótt um orlofshús og séð greiðslur frá félaginu. Einnig getur félagsmaður nú skoðað og sótt um rafrænt þá styrki sem í boði eru í sjúkrasjóði og í fræðslusjóði.

Við hvetjum félagsmenn til að skrá sig inn til að prófa síðuna. Ef þið lendið í vandræðum með innskráninguna þá er starfsfólk félagsins boðið og býið að aðstoða ykkur. Félagsmenn, skoðið vel og lagið ef þarf bankaupplýsingar, símanúmer og netföng.

Til að skrá sig inn þarf að smella á hnappinn „Mínar síður“ sem finna má svo að segja efst og til hægri á heimasíðu félagsins og skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli.

## Á mínum síðum geta félagsmenn t.d.:

- Sótt um styrki
- Séð stöðu umsókna
- Uppfært persónuupplýsingar
- Skoðað áður afgreiddar umsóknir



## Félagar!

Endilega skráið  
tölvupóst og síma á  
**MÍNAR SÍÐUR**

- við viljum geta sent  
mikilvægar upplýsingar  
til ykkar!



## Pitt fyrirtæki í aðalhlutverki

Við höfum reynslu, réttu lausnirnar og ástríðu fyrir því að fyrirtækið þitt eigi stórleik á sínu sviði atvinnulífsins.

[islandsbanki.is](http://islandsbanki.is)



# Orlofsstaðir Einingar-löju 2023



## Ýmsar hagnýtar upplýsingar um orlofshúsnæði Einingar-löju 2023 (með fyrirvara um breytingar)

Eignir félagsins	Stærð	Svefnpl.	Barnarúm	Sængur	Lín	Handklæði	Klútar	Borabún.	Grill	H. pottur	Wi-Fi	Tímabil	Skiptidagar	Verð
Illugastaðir	45	6-8	já	8	*	*	já	8	já	já	já	2/6 til 25/8	föstudagur	32.000
Illugastaðir, hús nr. 18	80	9	já	9	*	*	já	10	já	já	já	2/6 til 25/8	föstudagur	37.000
Einarstaðir	62	6	já	6	*	*	já	8	já	já	nei	2/6 til 25/8	föstudagur	32.000
Tjarnargerði	100	9	já	10	nei	nei	nei	12	já	já	já	2/6 til 25/8	föstudagur	37.000
Svignaskarð	75/80	8	já	8	nei	nei	já	10	já	já	nei	2/6 til 25/8	föstudagur	32.000
Húsafell	80	8	já	8	nei	nei	já	10	já	já	nei	7/7 til 25/8	föstudagur	32.000
Flókalundur, Vatnsfirði	40	6	já	6	nei	nei	já	8	já	**	nei	2/6 til 25/8	föstudagur	29.000
Átalind 2 - íbúð 203, Kópavogi	96	6	já	6	nei	nei	já	12	nei	nei	já	31/5 til 30/8	miðvikudagur	36.000
Átalind 2 - íbúð 204, Kópavogi	96	6	já	6	nei	nei	já	12	nei	nei	já	31/5 til 30/8	miðvikudagur	36.000
Átalind 2 - íbúð 303, Kópavogi	96	6	já	6	nei	nei	já	12	nei	nei	já	31/5 til 30/8	miðvikudagur	36.000
Átalind 2 - íbúð 304, Kópavogi	96	6	já	6	nei	nei	já	12	nei	nei	já	31/5 til 30/8	miðvikudagur	36.000
Átalind 2 - íbúð 405, Kópavogi	75	4	já	5	nei	nei	já	12	nei	nei	já	31/5 til 30/8	miðvikudagur	36.000
Ásholt 2 - 4. hæð, Reykjavík	108	6	já	7	nei	nei	já	8-10	nei	nei	já	31/5 til 30/8	miðvikudagur	36.000
<b>Leigu- og skiptibústaðir</b>														
Munaðarnes	56	7	já	7	nei	nei	nei	8	já	já	já	2/6 til 1/9	föstudagur	32.000
Brekkuskógur	46	4-6+	já	6	nei	nei	já	10	já	já	já	2/6 til 18/8	föstudagur	32.000
Flúðir	76	6	já	6	*	nei	nei	10	já	já	nei	9/6 til 18/8	föstudagur	32.000
Ölfusborgir	45	6	já	6	nei	nei	nei	8	já	já	nei	2/6 til 25/8	föstudagur	32.000
Bjarteyjarsandur	57	6+	já	6+	nei	nei	já	10	já	já	nei	9/6 til 18/8	föstudagur	32.000
Glittún	80	4-5+	já	8	*	*	já	10	já	já	já	2/6 til 25/8	föstudagur	32.000
Vaðnes	63	5-6	já	6	nei	nei	nei	10	já	já	já	2/6 til 25/8	föstudagur	32.000
Stykkishólmur	72	6	já	6	nei	nei	nei	6	já	nei	já	2/6 til 25/8	föstudagur	36.000
Súðavík	141	10	já	10	nei	nei	já	12	já	nei	já	2/6 til 25/8	föstudagur	29.000
Klifabotn	46	6-8	já	8	nei	nei	nei	12	já	nei	nei	2/6 til 25/8	föstudagur	29.000

\* Fæst gegn gjaldi hjá umsjónarmanni

\*\* Heitur pottur við sundlaug

+ Svefnloft, dýnur eða gestarúm.

Punktafrádráttur fyrir hús og íbúðir er 24 fyrir fyrstu tvær vikur og síðustu viku sumarsins en 36 fyrir aðrar sumarvikur.



# Athugið!

**ÞAD ER BARA HÆGT AÐ SÆKJA UM Á RAFRÆNAN HÁTT  
Á VEF FÉLAGSINS [WWW.EIN.IS](http://WWW.EIN.IS) (ORLOFSHÚSAVEFUR)**

---

**You have to apply online for a holiday chalet or holiday grants  
(„week of your own choice“) (Orlof að eigin vali)  
on our webpage [www.ein.is](http://www.ein.is) (Orlofshusavefur)**

---

**UWAGA! W roku bieżącym ubieganie się o mieszkania  
lub domki będzie możliwe jedynie w formie elektronicznej.  
[www.ein.is](http://www.ein.is) (Orlofshusavefur)**

---

## FÉLAGSMENN, TAKIÐ KVÖLDIÐ FRÁ!

- BOÐIÐ VERÐUR UPP Á AKSTUR TIL AKUREYRAR -



**Aðalfundur félagsins verður í  
Menningarhúsinu HOFI á Akureyri  
mánudaginn 24. apríl kl. 19:30**





# Einingar-Íðjufélagar athugið!

Sækja þarf um orlofshús og orlofsstyrki á rafrænan hátt á orlofshúsavefnum, sem er á [www.ein.is](http://www.ein.is)



Hægt er að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða íslykli



**Ef þú lendir í vandræðum getur þú fengið aðstoð á skrifstofum félagsins.**



### Reykjavík - Kópavogur

Félagið er nú með til útleigu níu íbúðir á Höfuðborgarsvæðinu. Fimm nýlegar íbúðir í Kópavogi, í 5 hæða fjölbýlishúsi sem stendur við Álalind 2 í austurhluta nýs íbúðahverfis í Kópavogi. Félagið er einnig með fjórar íbúðir í Reykjavík, en sjúkrasjóður félagsins á þrjár þeirra og eru þær notaðar sem sjúkraíbúðir. Orlofsíbúðirnar eru leigðar viku í senn og eru skiptidagar á miðvikudögum. Sjúkraíbúðirnar eru ætlaðar félagsmönnum sem þurfa að dvelja í höfuðborginni á meðan þeir leita sér lækninga. Þær leigjast eftir því sem félagsmönnum hentar. Ekki er bundið við að leigja í eina viku í senn heldur er hægt að leigja í tiltekinn dagafjölda.

#### Reykjavík

Félagið á tvær íbúðir í Ásholti 2 í Reykjavík. Önnur íbúðin er notuð sem sjúkraíbúð og er á 3. hæð. Hin íbúðin er á 4. hæð og er einstaklega glæsileg. Hún er fjögurra herbergja, 107 fermetrar að stærð. Sér bílastæði í bílakjallara fylgir íbúðunum.

**ATH! Gengið er inn í húsið frá Laugavegi.**

Sjúkrasjóður félagsins er einnig með tvær íbúðir í notkun í Sóltúni 30. Íbúð sem er á 3. hæð er fjögurra herbergja, 87 fermetrar að stærð. Íbúð sem er á 2. hæð í húsinu er þriggja herbergja, 85 fermetrar að stærð.

#### Kópavogur

Félagið á fimm nýlegar íbúðir í 5 hæða fjölbýlishúsi sem stendur við Álalind 2 í Kópavogi. Um er að ræða fjórar fjögurra herbergja íbúðir og eina þriggja herbergja íbúð. Sér bílastæði í bílakjallara fylgir hverri íbúð. Fjögurra herbergja íbúðirnar eru 96 fermetrar að stærð en þriggja herbergja íbúðin er 75 fermetrar.



Álalind



Sóltún.



Ásholt

**Síðasti skiladagur umsókna vegna orlofskosta er**

**föstudagurinn 21. apríl nk.**

**Úthlutun fer fram nokkrum dögum síðar.**

**Peir sem fá úthlutað þurfa að ganga frá greiðslu í síðasta lagi**

**þriðjudaginn 2. maí nk.**

**Föstudaginn 5. maí kl. 10:00 verður opnað á netinu fyrir það**

**sem enn verður laust. Þá gildir fyrstur pantar, fyrstur fær.**

## Stykkishólmur



Um er að ræða íbúð í raðhúsi, um 72 fermetrar að stærð. Á neðri hæð er hjóna-herbergi með tvíbreiðu rúmi, gestaherbergi með tveimur einbreiðum rúmum og baðherbergi með sturtu. Á efri hæð er stofa/borðstofa og eldhús í samfelldu rými svo og gestaherbergi með rúmi, samtals svefnpláss fyrir sex. Í stofu er sófi og stofustóll, eldhúsborð og stólar. Út frá efri hæð eru svalir með svarlúsgögnum og gasgrilli.

Í nágrenninu er hægt að stunda afþreyingu á borð við gönguferðir. Golfvöll er að finna í 1,1 km fjarlægð frá gistastaðnum. Þá er vert að benda á áhugaverðan valkost sem er að nota Breiðafjarðarferjuna Baldur en hún siglir milli Brjánslækjar í Vatnsfirði og Stykkishólms með viðkomu í Flatey. Þarna eru því margir möguleikar á styttri og lengri ferðum fyrir dvalargesti.

## Svignaskarði í Borgarfirði



TVÖ HÚS Í BOÐI



Borgarfjörðurinn hefur um árabil notið vinsælda sem sumardvalarstaður. Þar er öll þjónusta við ferðamenn í föstum skorðum og ganga má að gæðunum vísu en um leið fjölbreytni og frumleika. Stór orlofshúshverfi hafa byggst upp í Borgarfirðinum á vegum fjölmargra stéttarfélaganna og landssambanda. Eitt þessara orlofshúshverfa er í Svignaskarði.

Eining-lója á nú tvö hús á svæðinu. Húsin eru glæsileg, 75 og 80 fermetra með öllum helstu þægindum og heitum potti. Stærri húsið var tekið í notkun í desember 2021 og hitt fyrir nokkrum árum.

Leiktæki fyrir börn er víða að finna á þessu svæði, tveir sparkvellir eru í hverfinu, ærslabelgur og mínigolfvöllur. Margar skemmtilegar gönguleiðir liggja frá orlofshúsunum og stutt er í frábærar sundlaugar, til dæmis í Borgarnesi og á Varmalandi. Í Borgarfirðinum er margt að sjá og mjög fjölbreyttir möguleikar til afþreyingar og útiveru. Golfvöllur er að Hamri, rétt utan við Borgarnes og hestaleigur eru nokkrar í næsta nágrenni. Þá er víða hægt að kaupa ódýr veiðileyfi í vötn í nágrenninu. Ferðir á Langjökul njóta einnig vinsælda og þannig mætti lengi telja. Borg á Mýrum og Reykholt eru meðal þekktustu staða Íslandssögunnar og Grábrókarhraun, Hreðavatn, Baula, Barnafossar, Surtshellir, Glanni og Paradísarlaut eru meðal helstu náttúruperla landsins.

## Munaðarnes Borgarfirði



TVÖ HÚS Í BOÐI

Orlofshúshverfið í Munaðarnesi hefur notið vinsælda meðal landsmanna um árabil enda er þjónusta við ferðamenn á þessu svæði komin í mjög fastar skorður, aðstaðan eins og best verður á kosið og möguleikarnir óþrjótandi. Eining-lója hefur til umráða tvö hús í Munaðarnesi. Heitur pottur er við húsin. Það sem fram kemur í umfjöllun um kosti og möguleika sem fylgja dvöl í orlofshúsum í Svignaskarði í Borgarfirði gildir alveg jafnt um orlofshúsið sem félagið hefur til umráða í Munaðarnesi.

Fjölmargir möguleikar eru til afþreyingar og slökunar í Borgarfirðinum sem of langt mál væri að telja upp hér. Veðursæld Borgarfjarðar er mikil og skjólgott í orlofshúshverfunum. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í nágrenni orlofshúshverfanna, til dæmis upp með hinni frægu og fögru Norðurá. Í Borgarnesi er síðan ein af glæsilegustu sundlaugum landsins.

Borgarfjörðurinn hefur upp á fjölmargt annað að bjóða, hvort heldur dvalargestir eru að leita eftir menningarviðburðum, sögustöðum, náttúrufrýrbærum, útivistar-möguleikum eða annarri afþreyingu til að lífga upp á sumarfríð.



Sumarhúsið er vel útbúið að innan og með heitum potti, stórri verönd og úti-grilli. Það er í fjallshlíð mót suðri og er útsýnið afar fagurt. Góðar gönguleiðir eru í nágrenninu.

Hvalfjörður er djúpur og svipmikill fjörður inn af Faxaflóa – friðsæl náttúruperla steinsnar frá höfuðborginni. Möguleikar til útivistar og náttúruupplifunar eru miklir og fjölbreyttir – og hér lúrir sagan við hvert fótstí. Glymur, hæsti foss landsins, er í botni Botnsdals.

## Bjarteyjarsandur í Hvalfirði



Nú er verið að byggja nýtt hús fyrir félagið í Húsafelli og verður það fyrsta húsið sem félagið eignast á svæðinu. Tvö sumur hefur félagið verið þar með hús á leigu og var mikil eftirspurn eftir þeim. Áætlanir gera ráð fyrir að húsið verði tilbúið í útleigu um miðjan júlí.

Eiríkur J. Ingólfsson, byggingaverktaki í Borgarnesi sér um smíðina, en hann hefur reist fjölda orlofshúsa m.a. í Svignaskarði og í Húsafelli. Húsið verður sambærilegt og tvö hús sem félagið á í Svignaskarði, sem Eiríkur og félagar byggðu. Athugið að myndin sem fylgir með er af öðru húsi félagsins í Svignaskarði.

Allir í fjölskyldunni geta fundið eitthvað við sitt hæfi á svæðinu. Golfvöllur, sundlaug, verslun, veitingastaður og leikvöllur með stærsta trampólíni á landinu eru innan orlofshúsakjarnans en hestaferðir, fjölbreyttar gönguleiðir, hellaskoðun, hálendisferðir, veiði og allar dásemdir íslenskrar náttúru við húsdynnar.

## Húsafell í Borgarfirði



**NÝR ORLOFSKOSTUR  
SUMARIÐ 2023**

# Gott að hafa í huga...

## Komutími – brottför

Skoða þarf vel á leigusamninga auglýsta tími yfir komutíma og brottför. Mismunandi tími getur verið á milli staða.

## Lyklabox/lyklar

Lyklabox eru á öllum húsum og bústöðum sem félagið er með nema í Tjarnargerði, upplýsingar um lyklabox koma fram á leigusamningi. Lykla af Tjarnargerði þarf að nálgast á skrifstofum félagsins.

## Umgengni og frágangur

Orlofshúsin eru sameign okkar allra og það er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari. Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim. Orlofshúsagestir eru vinsamlegast beðnir um að reykja ekki né veipa innanhúss.

Fyrirtækið Sólar ehf. hefur umsjón með íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leigjandi þarf ekki að þrifa íbúðina eftir leigutíma, en auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Félagsmenn þurfa sjálfir að þrifa orlofshús félagsins áður en þeim er skilað. Orlofshúsin eru sameign okkar allra og er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari. Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim. Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Allar upplýsingar um leiguna koma fram á samningi sem viðkomandi fær þegar hann leigir íbúð eða orlofshús hjá félaginu.

Komið ábendingum og athugasemdum, ef einhverjar eru, til umsjónarmanna eða á félagið.

Reykskynjarar eru lífsnauðsynleg tæki í öllum húsum og hafa löngu sannað gildi sitt. Aldrei má taka rafhlöður úr þeim nema setja nýjar í staðinn eða láta umsjónaraðila eða skrifstofu félagsins vita. Munið að þessi smátæki hafa skipt sköpum og jafnvel bjargað mannlífum. Þess vegna verða þau að virka rétt.

Bannað! Leigutakar nýti sjálfir ásamt fjölskyldum og/eða vinum hús sem þeir fá úthlutað. Framsal til annarra getur valdið því að viðkomandi félagsmaður verði útilokaður frá úthlutun framvegis. Það á einnig við ef leigutakar brjóta almennar reglur og skyldur sem þeir takast á hendur við leigu orlofshúsa.

Dýrahald bannað, nema í Giltúni! Stranglega er bannað að hafa með sér hunda og önnur gæludýr í öllum húsum félagsins, nema í orlofshúsi sem félagið er með á leigu í Giltúni í Ölfusi sumarið 2023. Dæmi eru um að slæm ofnæmistillfelli hafi komið upp í kjölfar slíks. Brot á þessu varðar tafarlausrí brottvísun úr húsum eða íbúðum auk greiðslu sektar upp á kr. 25.000.

## Ábyrgð

Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu sem því fylgir.

## Hafið samband

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlegast látið umsjónarmenn á viðkomandi stað vita. Einnig er hægt að hafa samband við félagið í síma 460 3600.

## Flúðir

NÝTT



**NÝR ORLOFSKOSTUR  
SUMARIÐ 2023**

Félagið hefur tekið á leigu stærra hús á Flúðum í stað þess sem við vorum áður með á leigu. Stór pallur er við húsið með útihúsgögnum og gasgrilli. Húsið er 76 fermetrar að stærð og í því eru þrjú svefnherbergi; tvö með hjónarúmi og eitt með kojum. Sex manns geta gisti í húsinu. Barnarúm og barnastóll er í húsinu.

Í grenndinni eru golfvelli, hótél, kaffihús/bar, verslun, upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn, sundlaug og íþróttahús. Margir sögufrægir staðir og náttúruvættir eru í næsta nágrenni svo sem Þjórsárdalur, Skálholt, Gullfoss og Geysir.

## Ölfusborgir



Í fögru umhverfi Hveragerðis og nágrennis er rótgróið orlofshúsaferfi, Ölfusborgir, sem margir kannast við af eigin reynslu eða af afspurn. Það sama gildir um þetta svæði og önnur orlofshúsasvæði í Árnessýslunni að þaðan er stutt í alla hugsanlega þjónustu og stutt í margar af helstu náttúruperlum landsins.

Orlofshúsið sem félagsmenn Einingar-löju geta tekið á leigu í Ölfusborgum er 50 fermetrar að stærð með sex svefnplássum og barnarúmi.

Knattspyrnuvöllur og leikaðstaða fyrir börn er sameiginleg á svæðinu.

Úr Ölfusborgum er stutt til margra þorpa og kaupúna á Suðurlandi. Eins eru margar skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu. Ýmislegt er í boði fyrir ferðamenn í Hveragerði, sem er rétt hjá orlofssvæðinu. Þar er m.a. sundlaug með vatnsrennibraut.

## Brekkuskógur í Biskupstungum – Endurnýjað hús –



Biskupstungurnar eru á meðal vinsælustu orlofssvæða á landinu og ekki að ástæðulausu. Svæðið hefur upp á allt það að bjóða sem orlofshúsagesti kann að vanhaga um eða langa til að gera; góða aðstöðu, fallett umhverfi og fjölbreytta möguleika til þess að njóta þess sem hver og einn vill fá út úr fríinu sínu. Eining-löja hefur til afnota eitt orlofshús í Brekkuskógi sem búið er að endurnýja að innan. Í húsinu er forstofa og stofa og eldhús í sama rými, baðherbergi með sturtu. Herbergi er með hjónarúmi og á svefnlofti eru tvö rúm sem hægt er að færa saman og tvær auka dýnur. Útipallur er með útihúsgögnum og heitum potti. Þvottavél má finna í þjónustumiðstöð.

Lítill leikvöllur er á svæðinu og aðstaða til að spila minigolf.

Stutt er úr Biskupstungunum yfir í byggðakjarnann við Laugarvatn og raunar má segja að „stutt“ sé úr Biskupstungunum um allt Suðurland þar sem margar af helstu náttúruperlum landsins er að finna. Í Árnessýslu er jafnframt umfangsmikil þjónusta við ferðamenn og því af nógu að taka fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Brekkuskógi og vilja leita sér afþreyingar í nágrenninu.

## Dýrahald bannað!



Að gefnu tilefni hefur verið sett inn í leigusamning að **stranglega er bannað** að hafa með sér hunda eða önnur gæludýr í orlofshúsi eða íbúðir félagsins. Upp hafa komið alvarleg ofnæmistilfelli vegna brots á þessari reglu. **ATHUGIÐ!** Sumarið 2023 er leyfilegt að vera með gæludýr í orlofshúsi sem félagið er með á leigu í Giltúni í Ölfusi.

Framvegis verður krafist greiðslu að upphæð kr. 25.000 verði þessi regla brotin.





Félagið hefur tekið á leigu sumarhús á skemmtilegum stað í Ölfusinu undir hlíðum Ingólfsfjalls. Húsið er vel búið með fallegu útsýni yfir sveitina, nærri allri þjónustu en þó í kyrrð og næði sveitarinnar. Við bústaðinn er heitur pottur og stór verönd með húsgögnum og gasgrilli.

Húsið er 54 fermetrar að stærð með 26 fermetra svefnlofti, s.s. alls 80 fermetrar. Það skiptist í tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt kojum. Auk þess er svefnloft með dýnum. Niðri er stofa, eldhús með borðkróki og baðherbergi með sturtu.

Húsið er í 10 mínútna fjarlægð frá Hveragerði og 15 mínútum frá Selfossi. Stutt frá húsinu er hestaleiga.

Leyfilegt ert að hafa með sér gæludýr í húsið.

**Giltún**

**NÝTT**



**NÝR ORLOFSKOSTUR  
SUMARIÐ 2023**

Félagið hefur tekið á leigu sumarhús á skemmtilegum stað í Grímsnesi, nálægt Kerinu. Húsið er í orlofshúsasvæðinu Vaðness sem er fallett gróið svæði í miðju Grímsnesinu. Þar er m.a. leiksvæði með fótboltavelli, rólum o.fl.

Húsið er 63 fermetrar að stærð með gístmöguleika fyrir 5 til 6, þ.e. fyrir utan barnaferðarúm. Húsið er með þremur svefnherbergjum, tvö með tvíbreiðum rúnum og eitt með kojum. Engar aukadýnur eru í húsunum.

**Vaðnes**

**NÝTT**



**NÝR ORLOFSKOSTUR  
SUMARIÐ 2023**

## Útilegu- og veiðikort

Sumarið 2023 býður Eining-löjla félagsmönnum enn og aftur upp á að kaupa Útilegukortið og Veiðikortið á sérkjörum. Með því að kaupa kortið hjá félaginu geta félagsmenn því sparað verulega. Kaupa þarf kortin í gegnum Orlofshúsavefinn, þá sendist pöntun til viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna.

**Útilegukortið - Verð til félagsmanna kr. 17.900**

Allar upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni [www.utilegukortid.is](http://www.utilegukortid.is)



**ATH.:  
EINGÖNGU TIL SÖLU Á  
ORLOFSVEF FÉLAGSINS!**

**Veiðikortið - verð til félagsmanna er kr. 4.100.**

Veiðikortið er mjög hagkvæmur valkostur sem hentar jafnt veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Með Veiðikortið í vasanum er hægt að veiða nær ótakmarkað í 36 veiðivötnum víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaut við mörg þeirra.

Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði má nálgast á [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)



Athugið að gott er að panta með góðum fyrirvara. Það getur tekið allt að viku, jafnvel rúmlega það, að fá kort með póstinum.

## Einarsstaðir á Héraði



Viðfræg veðurbliða Fljótsdalshéraðs ásamt náttúrufegurð ætti að tryggja ánægjulega dvöl í orlofshúsunum á Einarsstöðum á Héraði. Óhætt er að fullyrða að Fljótsdalshérað er eitt hið veðursælasta á landinu. Í orlofshúsahverfinu á Einarsstöðum á Eining-löjja fjögur hús. Tvö þeirra voru algjörlega endurnýjuð og stækkuð lítillega veturinn 2019-2020 og tvö veturinn 2020-2021. Þannig að frá og með sumrinu 2021 var búið að endurnýja öll húsin. Óhætt er að segja að húsin eru stórglæsileg. Eftir stækkun eru þau um 62 fermetrar að stærð.

Einarsstaðir hafa notið mikilla vinsælda sem orlofsdvalarstaður og hafa verið með eftirsóttustu stöðum félagsins, meðal annars vegna hinnar rómuðu veðurbliðu. Einarsstaðir eru einnig vel staðsettir fyrir þá sem vilja nýta friðið í að ferðast og njóta þess að skoða nokkrar af helstu náttúruperlum landsins, en vilja um leið hafa fastan samastað í orlofshúsi. Margar af helstu náttúruperlum Austfirðinga eru innan seilingar og af Héraði er stutt til allra staða á Austurlandi. Frá Einarsstöðum er jafnframt stutt í alla nauðsynlega þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn því staðurinn er aðeins tólf kílómetrum sunnan Egilsstaða, miðja veginni milli Egilsstaða og Hallormsstaðar.



## Klifabotn í Lóni



Orlofshúsasvæðið Klifabotn í Lóni hefur reynst vinsælt meðal félagsmanna Einingar-löjju. Þar ríkir enda skaftfellska kyrrð og veðursæld í skjóli stærsta jökuls Evrópu, Vatnajökuls. Klifabotn, er í Þórisdal í Lóni, skammt austan við Laxá, og stendur við Strandaháls sem er hluti af Sveitarfélaginu Hornafirði. Eining-löjja hefur til umráða eitt hús í Klifabotni, rúmgott og vel búið. Í hverfinu er leikvöllur fyrir börnin og sameiginleg gufubaðsstofa fyrir orlofshúsa-byggðina.

Um 30 kílómetrar eru frá Klifabotni að Höfn í Hornafirði en þar er fjölbreytt þjónusta, meðal annars sundlaug og golfvöllur. Svæðið býður upp á skemmtilega ferðamöguleika, hvort heldur fólk vill ferðast á bílum, hestum eða á tveimur jafnfljótum.

Umhverfið er ægífagurt og stórbrotið og meðal annars stutt í hin rómuðu Lónsöræfi. Fjallahringurinn, sem skýlir Lónsbúum og gestum þeirra, er fagur með Eystra- og Vestra-Horn sem útverði.





## Illugastaðir í Fnjóskadal



EITT STÆRRA HÚS Í BOÐI

Orlofshúsabyggðin á Illugastöðum í Fnjóskadal er fyrir löngu kunn flestum landsmönnum, svo margir hafa dvalið þar eða litið við hjá vinum og kunningjum sem þar hafa dvalið. Illugastaðir eru sívinsæll sumardvalarstaður og vert að benda á að félagið á þar eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26. Eining-löjja á fjórtán orlofshús á Illugastöðum sem öll eru með heitum pottum. Nokkur þeirra eru leigð til annarra stéttarféлага yfir sumarið í skiptum fyrir orlofshús annars staðar á landinu. Illugastaðir eru ákaflega vinsæll orlofsdvalarstaður, ekki síst meðal félagsmanna Einingar-löjju, enda er ekki löng ferð úr Eyjafirðinum yfir í Fnjóskadal sem státar af náttúruferguð og er dalurinn sannkölluð perla fyrir náttúruunnendur, sérstaklega þá sem hafa áhuga á gönguferðum, jafnt að sumri sem vetri.

Í orlofshúsum félagsins á Illugastöðum eru svefnpláss fyrir sex til átta manns í hverju húsi. Tvö svefnherbergi eru í húsinu, í öðru þeirra er eitt tvíbreitt rúm og í hinu eru tvær kojur fyrir tvo. Auki er svefnsófi í stofunni. Frá og með sumrinu 2022 er í boði eitt stærra hús, með þrjú svefnherbergi og um 80 fermetra að stærð. Gistipláss er fyrir níu manns í þessu stórglæsilega húsi.

Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug með heitum pottum. Leikvöllur er á svæðinu með leiktækjum fyrir börnin og þar má m.a. finna ærslabelg. Stutt er yfir í Vaglakóg og eru miklir möguleikar til gönguferða á svæðinu.



## Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit



Sumum hentar betur að komast í orlofshús í næsta nágrenni við heimabyggð sína í stað þess að þurfa að aka um langan veg. Fyrir þá sem eru tímabundnir en vilja samt komast í gott frí og róandi umhverfi er nokkurra ára gamalt hús, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, mjög góður kostur.

Húsið er vel búið með heitum potti og með öllum þeim þægindum sem flestir vilja hafa í orlofshúsum. Í húsinu er svefnpláss fyrir níu manns. Ekki þarf að spyrja að náttúruferguðinni fremst í Eyjafirðinum og frá Tjarnargerði er til dæmis örstutt í Leyningshóla og fleiri náttúruperlur. Í Tjarnargerði sameinast þeir kostir að þangað tekur stuttan tíma fyrir félagsmenn Einingar-löjju að fara og þar er gott að vera, slaka á og safna orku í sumarfríinu.

## Orlofsferðir Einingar-löjju árið 2023

Hjá félaginu starfar ferðanefnd sem undirbýr og skipuleggur ferðir á hverju ári fyrir félagsmenn. Aðalfundur ár hvert kýs fjóra félagsmenn í nefndina, en auk þeirra á formaður félagsins og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni. Undanfarin ár hafa verið í boði tvær til þrjár ferðir. Í ár verða í boði tvær ferðir.

### Bárðardalur-Laugafell-Skagafjörður

Farið verður í dagsferð um Bárðardal inn í Laugafell og niður í Skagafjörð laugardaginn **26. ágúst 2023**. Hámarksfjöldi er 90 manns. Nauðsynlegt er að hafa með sér nesti til dagsins, annað en grillmat.

Farið verður með rútu frá Akureyri kl. 9:00.

Leiðsögumaður verður með í för.

**Ferðin kostar kr. 5.000 á mann.**

Innifalið er akstur, grillmat, safar og meðlæti.

### Eins dags ferð fyrir aldraða félagsmenn Húnavatnssýslur-Skagafjörður

Hin árlega eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjjuféлага verður farin **þriðjudaginn 20. júní 2023**. Lagt verður af stað kl. 9:00 frá Akureyri vestur í Húnavatnssýslur. Farinn verður Vatnsdalshringurinn og síðan farið að Þingeyrum. Farið verður til Skagastrandar og síðan ekið yfir Þverárfjall til Sauðárkróks og þaðan yfir Öxnadalshéiði heim.

Snæddur verður hádegisverður á Blönduósi og kaffi drukkið í Skagafirði.

**Ferðin kostar kr. 5.000 á mann.**

Skráning í ferðirnar fer fram á skrifstofum félagsins á Akureyri, á Dalvík og í Fjallabyggð, í síma 460 3600 eða með því að senda póst á [netfangið@ein.is](mailto:netfangið@ein.is)

## Súðavík



Um er að ræða gamalt einbylishús. Í stofu er sófasett, svefnsofi og sjónvarp ásamt öðrum húsbúnaði. Eldhúsið er fullbúið og borðbúnaður fyrir 12 manns. Svefnpláss er fyrir 10 ásamt sængum og koddum.

Segja má að Súðavík sé nokkuð miðsvæðis á norðanverðum Vestfjörðum þannig að dvöl þar er góður kostur fyrir þá sem vilja nýta frið sitt í að ferðast og skoða sig um á Vestfjörðum og þar er vissulega um marga skemmtilega staði að velja.

Stutt er frá Súðavík til Ísafjarðar og jarðgöngin gera það að verkum að auðvelt er að ná yfir stærri hluta Vestfjarðakjálkans og ferðast um sunnanverða Vestfirði þegar dvalið er í Súðavík.

## Flókalundur í Vatnsfirði



Líklega þekkja færri fegurð Vestfjarðakjálkans af eigin raun en ýmis önnur svæði á landinu, en fegurðin er ekki minni fyrir þá sök! Vatnsfjörður á Barðaströnd er fullur af sögu og þar er fagurt um að litast. Flókalundur í Vatnsfirði hefur um árabil verið meðal vinsælli sumardvalarstaða landsins. Vatnsfjörður er á Barðaströnd - á „suðurströnd“ Vestfjarðanna - og þar er veðursælt, gróður-sælt og skjólgott. Fjölmargir áhugaverðir staðir eru í nágrenninu og má nefna Látrabjarg og Rauðasand. Ótal tækifæri eru fyrir þá gesti sem njóta vilja náttúruskoðunar og sagan er við hvert fótstíð í Vatnsfirði. Þar er talið að Hrafna-Flóki hafi dvalið þegar hann gaf Íslandi nafn og þá meðal annars gengið upp á Lónfell.

Á svæðinu er sundlaug. Vert er að benda á áhugaverðan valkost sem er að nota Breiðafjarðarferjuna Baldur en hún siglir milli Brjánslækjar í Vatnsfirði og Stykkishólms með viðkomu í Flatey. Það eru því margir möguleikar til styttri og lengri ferða fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Vatnsfirði.

## Formannsskipti á næsta aðalfundi

Björn Snæbjörnsson mun láta af formennsku á næsta aðalfundi félagsins. Hann hefur gegnt embætti formanns Einingar-löju frá árinu 1999 og Verkalýðsfélagsins Einingar þar á undan frá árinu 1992, eða samtals í 31 ár. Hann sat sem meðstjórmandi í stjórn Einingar árin 1982 til 1986 og sem varaformaður frá árinu 1986. Árin í stjórn félagsins verða því orðin 41 þegar hann hættir formennsku og óhætt að segja að það verði stór tímamót á næsta aðalfundi þegar nýr formaður mun taka við.

### Sjálfkjörið í stjórn félagsins

22. febrúar sl. rann út frestur til að skila inn lista eða tillögum um fólk í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2023-2024. Ekki bárust tillögur eða listar aðrir en frá trúnaðarráði og teljast þeir félagsmenn sem trúnaðarráð hefur gert tillögu um sjálfkjörmir. Listi trúnaðarráðs tekur því við félaginu á næsta aðalfundi sem fram fer mánudaginn 24. apríl nk. kl. 19:30 í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri.



Björn Snæbjörnsson.



Anna Júlíusdóttir.

### Nýr formaður

Trúnaðarráð félagsins gerði tillögu um Önnu Júlíusdóttur, núverandi varaformað félagsins, sem formann og mun hún því taka við formannstitilinum til næstu tveggja ára á aðalfundinum. Anna hefur setið sem varaformaður félagsins frá árinu 2012, en áður hafði hún setið í stjórn sem formaður Matvælaeildar og síðar formaður Matvæla- og þjónustudeildar frá árinu 2001.

Anna segist vera þakklát fyrir traustið og að hún viti að erfitt verður að feta í fótspor núverandi formanns. „Ég mun leggja mig fram um að sinna hlutverki mínu eins vel og ég get og hlakka til að vinna áfram með félagsmönnum ásamt góðum hópi stjórnar og starfsfólks að okkar mikilvægu málum.“

Trúnaðarráð gerði jafnframt tillögu um að Gunnar Magnússon yrði áfram ritari félagsins til næstu tveggja ára og að nýr meðstjórmandi til eins árs yrði Pálmi Þorgeir Jóhannsson. Eins og áður segir bárust ekki aðrar tillögur eða listar en frá trúnaðarráði og eru þau því öll sjálfkjörin í stjórn félagsins.

Þá verða skoðunarmenn reikninga til eins árs þau Hrafnhildur Ása Einarsdóttir og Ævar Þór Bjarnason. Varaskoðunarmaður til eins árs verður Ómar Ólafsson.



# Eining-Íðja þakkar eftirtöldum veittan stuðning



Alþýðusamband Íslands



HJARTAD | ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

**Deloitte.**



EYJAFJARÐARSVEIT



FALLORKA

**form** ARKITEKTAR HÖNNUÐIR  
KAUPANGI v/MÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099



Grýtubakkahreppur



Þínar þarfir - okkar þjónusta



SAMHERJI HF



Strandgötu 3 - Sími 440 2370



FLUGKAFFI

# Sprawy urlopowe

**UWAGA!** W roku bieżącym ubieganie się o mieszkania lub domki będzie możliwe jedynie w formie elektronicznej.

W tym wydaniu naszego biuletynu informacyjnego piszemy głównie o sprawach urlopowych dotyczących m.in. domków i mieszkań, które związek zawodowy „Eining-Iðja” ma do zaoferowania swoim członkom w nadchodzącym okresie letnim.

Członkowie naszego związku mogą ubiegać się o przydzielenie domku lub mieszkanie na jeden tydzień w nadchodzącym okresie letnim. Oferowana jest także dopłata do t.kz. "Tygodnia według własnego wyboru" („Orlof að eigin vali“). Jako, że wiele osób ubiega się o przydział domków lub mieszkań w tych samych miejscach i tym samym czasie, to zachęcamy do różnicowania swoich preferencji dotyczących wyboru.

Przy okazji chcemy przypomnieć, że członkowie naszego związku, którzy wynajmują mieszkania lub domki ponoszą pełną odpowiedzialność za wszystkie podążające za wymienionymi nieruchomościami przedmioty i urządzenia; takie jak meble, wyposażenie wnętrz, urządzenia kuchenne itd.

Przed opuszczeniem domku konieczne jest jego dokładne posprzątanie.

Sprzątanie mieszkań należących do naszego związku w Reykjavíku i Kópavogur jest wliczone w koszty ich wynajęcia, ale oczywiście należy oddać mieszkanie w schludnym stanie.

## Tydzień według własnego wyboru

Związek Zawodowy Eining-Iðja postanowił zarezerwować sumę do wysokości 7.800.000 koron na program pod nazwą "Tydzień według własnego wyboru" w roku 2023. Członkowie związku mogą ubiegać się o 300 tego rodzaju dofinansowań, każde do sumy 26.000 koron. Przydział dofinansowań opiera się na tych samych zasadach, co przydział domków wypoczynkowych. Pieniądze można użyć np. do wynajęcia domku wypoczynkowego, pokoju w hotelu lub przyczepy kempingowej; można także wykorzystać pieniądze do finansowania sobie podróży w czasie urlopu w kraju lub za granicą – według własnego życzenia. Maksymalna kwota na każdego członka związku wynosi – jak wcześniej zaznaczono – 22.000 koron, ale nie więcej niż 50% poniesionych kosztów.

Członkom związku, którzy użyją całej sumy zostanie odjętych 18 punktów; użycie mniejszej sumy spowoduje proporcjonalnie odjęcie mniejszej ilości punktów. Wypłata dofinansowania odbywa się po zakończeniu podróży, a członkowie związku muszą przedstawić rachunki za pobyt lub podróż.

"Tydzień według własnego wyboru" jest skuteczne do końca roku. Oznacza to, że ci, którzy są przydzielane potrzebę wprowadzenia faktur lub bilety na następny rok, aby uzyskać zwrot.

**Uwaga! Rachunek należy okazać na legalnym formularzu zawierającym numer VAT (VSK.)!**

## Podania w formie elektronicznej

W tym roku o przyznanie mieszkań, domków lub dopłat należy ubiegać się w formie elektronicznej na stronie domowej naszego związku: [www.ein.is](http://www.ein.is). (Orlofshúsavetur)

W biuletynie zostaną natomiast zamieszczone informacje o oferowanych do wyboru możliwościach oraz instrukcje w formie graficznej mające ułatwić zrozumienie procedur wypełniania podań.

Dostępu do stron zawierających informacje jest możliwy na podstawie wylegitymowania się elektronicznym dokumentem tożsamości lub używając lub używając "Íslykil".

W wypadku wystąpienia trudności przy składaniu podań oferujemy Państwu pomoc w biurach naszego związku.

## Zasady działania systemu punktowego

Aby zapewnić maksymalnie sprawiedliwy sposób przydzielania mieszkań, domków i dopłat w okresie urlopowym używany jest t.kz. system punktowy, który z biegiem czasu sprawdził się dobrze. Każdy członek otrzymuje jeden punkt za każdy miesiąc w którym opłacił składki na rzecz związku.

Członkowie, którzy mają zgromadzoną największą ilość punktów w czasie rozpatrywania podań brani są pod uwagę w pierwszej kolejności jeśli o dane mieszkanie, domek lub dopłatę ubiega się większa ilość osób.

W przypadku przyznania danemu członkowi związku wyżej wspomnianego prawa do pobytu lub otrzymania dopłaty, od ogólnej sumy zgromadzonych przez niego punktów odejmuje się określoną ich ilość, tak aby jego pozycja na liście ubiegających się uległa przesunięciu w dół. Oczywiście płacąc regularnie składki członkowskie gromadzi on nadal punkty i zapewnia sobie w następnym roku możliwość ponownego ubiegania się o prawo pobytu w mieszkaniu, domku lub otrzymania dopłaty.

Ilość odejmowanych punktów jest różna w zależności od czasu i rodzaju wynajmowanych nieruchomości. Nie są odejmowane punkty za używanie mieszkań lub domków w okresie zimowym.



## Wynajem w okresie zimowym

Chociaż lato tradycyjnie jest okresem urlopowym to także inne pory roku brane są pod uwagę, a wiele osób zachowuje część należnych im dni wolnych do wykorzystania jesienią lub w zimie.

Warto tutaj wskazać na 6 atrakcyjnych możliwości wynajmu, które oferowane są dla naszych członków także poza tradycyjnym okresem urlopowym. Mamy tutaj na myśli wynajem domków w Illugastaðir, Tjarnargerði, Svignaskarði i w Einarstaðir, a także mieszkań w Reykjavíku i Kópavogur.

## Prawo do korzystania z urlopu letniego

Wszyscy mają prawo do urlopu, przez okres co najmniej 24 dni roboczych. Gdy pracownik zachoruje w czasie urlopu, okresu choroby nie wlicza się do urlopu, jeśli pracownik przedłoży zwolnienie lekarskie, potwierdzające niemożność korzystania z urlopu. Natychmiast należy zgłosić przełożonemu – telefonicznie lub telegraficznie – jeśli pracownik zachoruje lub ulegnie wypadkowi w czasie urlopu.

## Czy podpisał/ podpisałaś umowę o pracę?

Wszyscy rozpoczynający pracę powinni zawrzeć pisemną umowę o pracę, która zawierać będzie informacje o czasie jej obowiązywania, określenie stanowiska pracy, okres wypowiedzenia umowy, wysokość wynagrodzenia, wymiar zatrudnienia, określenie długość dnia pracy, do którego funduszu emerytalnego wpłacane są składki oraz na podstawie jakiej umowy zbiorowej umowa ta została zawarta.

## UWAGA!

**Wszystkie sprawy, którymi zajmuje się nasz związek są poufne.**

**Stoimy na straży przestrzegania Twoich/Waszych praw**



# Holiday matters

*The first issue of this year's union magazine is devoted to matters pertaining to holidays and the holiday chalets the union has at its disposal for renting out to its members. Members may apply for the rental of a holiday chalet for one week at a specified location and since many often apply for the same location, it is a good idea to apply for different places and/or times as alternative options, up to nine of which are permitted.*

The holiday chalets are then allotted based on a credit system which the union has developed. Each member who pays in to the union receives one credit point per month, regardless of job ratio or the amount paid in union dues. If more than one person applies for the same chalet at the same time, the one who has accumulated the largest number of credit points is first choice.

Then, to ensure that those who are not successful in renting a chalet have a better chance next time they apply, a special number of points is deducted from a union member who rents a chalet. The number of deducted credit points varies per time and other factors. The deadline for applying for holiday chalets is April 21.

## **Online application**

You have to apply online for a holiday chalet or holiday grants („vacation of your own choice“) on our webpage [www.ein.is](http://www.ein.is) (Orlofshúsavefur). You use your online identity card („rafræn skilríki“) or „Íslykil“ to log in.

If you have any problems our staff at the office Eining-löja will be glad to assist you.

## **A vacation of your own choice**

Eining-löja has decided to spend up to kr. 7,800,000 on an item entitled “A vacation of your own choice“ during 2023. Union members can apply for 300 such grants, to the amount of kr. 26,000 each; the grants are allotted on the same basis as the holiday chalets. The deadline for applying “A vacation of your own choice“ is April 21.

The grant may be used, for example, to rent a holiday chalet, a hotel room, a tent trailer or a fold-up camper as part-payment towards a holiday in Iceland or abroad, depending on personal wishes and interests. Maximum grant to individual members is, as indicated above, kr.



26,000 with the proviso that the amount never exceeds 50% of actual cost.

Members who receive a holiday grant have 18 credits deducted for those who make use of the total grant and proportionally for lower amounts. The grants are payable after the end of the holiday tour and members who have been promised a grant are required to present an invoice relating to stay or travel expenses for the amount to be paid out. „A vacation of your own choice“ is effective until the end of the year. That means that those who are allocated need to bring invoices or tickets for next year to get reimbursed.

**PLEASE NOTE! You must present legal, numbered business invoices!**

## **The right to take a summer vacation**

Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.

We wish all our union members a pleasant holiday and ask at the same time, to take good care of the houses. Remember that these houses and facilities are owned by the union mem-

bers and therefore, they should always leave the houses in good, clean condition.

## **Why have Trade unions?**

The role of trade unions is first and foremost to conduct negotiations on wages and other work-related conditions in the agreements on behalf of their members and to look after their interests on the labour market.

## **MAKE SURE THAT YOUR RIGHTS ARE IN ORDER**

**PLEASE NOTE! It is always possible to consult the local union representative in your workplace and you are of course welcome to contact Eining-löja, tel. 460 3600 – [ein@ein.is](mailto:ein@ein.is), if you need assistance. [www.ein.is](http://www.ein.is)**

## **www.ein.is is in 12 languages**

By using the Google translation button, which has been placed at the top right of the union's website [www.ein.is](http://www.ein.is), it is possible to view the site in 12 languages. Once you have selected a language, all the text that can be found on the website in the relevant language will be displayed.

## **Niceair - two subsidized gift certificates available**

Last summer, Eining-löja and Niceair made an agreement on temporary discounts until the end of the year on gift certificates from Niceair to Eining-löja members. Each member could buy one subsidized gift certificate during this period, and members were able to take advantage of these good terms.

It was decided to review the contract and extend it with a small change. Since the beginning of the year, each member can buy two gift certificates per year, which is a saving of ISK. 20,000. For each letter is paid ISK. 22,000 but the value of the gift certificate is ISK. 32,000 and therefore the discount is ISK. 10,000 per gift certificate.

The gift certificates are sold through Einingarlöja's holiday website

The gift certificates can be used to purchase airfare and other booking services at Niceair through the company's booking page [www.niceair.is](http://www.niceair.is)

# Aðalfundir starfsgreinadeilda

Aðalfundir starfsgreinadeilda Einingar-löju fóru fram 8. febrúar sl. á Hótel KEA á Akureyri. Góð mæting var á fundina sem tókust mjög vel.

Í upphafi var sameiginleg dagskrá þar sem Sigríður Ólafsdóttir, Mannauðsstjóri hjá Mögnum, var með fyrirlestur um samskipti á vinnustað. Að loknu mjög góðu erindi Sigríðar var boðið upp á veitingar og er fundarmenn höfðu gert sér þær að góðu héldu deildirnar þrjár sinn aðalfund hver í sínum sal þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf. Í ár var kosið í öllum deildum til tveggja ára um embætti formanns, ritara og þriggja meðstjórnanda. Einnig var kosið um tvo meðstjórnendur til eins árs í Opinberu deildinni. Engin mótframboð bárust og voru þau sem buðu sig fram því sjálfkjörinn.

Formenn deilda og varaformenn sitja í aðalstjórn félagsins. Skýrslur stjórnara má finna á heimasíðu félagsins.

## Matvæla og þjónustudeild

Gabriel Sólon Sonjason meðstjórnandi færði sig um félag á tímabilinu og hætti því í stjórn, aðrir sem áttu að ganga úr stjórn voru Tryggvi Jóhannsson, Sigríður Jósepsdóttir, Anna Guðrún Ásgeirsdóttir og Steinþór Berg Lúthersson.

Tryggvi gaf áfram kost á sér sem formaður. Sigríður gaf áfram kost á sér sem ritari. Hvað meðstjórnendur varðar þá gaf Anna Guðrún ekki kost á sér áfram og Gabriel hættur í félaginu. Steinþór Berg gaf kost á sér áfram sem meðstjórnandi. Sem nýir meðstjórnendur gáfu kost á sér Baldvin Hreinn Eiðson sem starfar í Kjarnafæði og Júlía Björk Kristmundsdóttir sem starfar í MS Akureyri.

Fyrir í stjórn var Bethsaida Rún Arnarson varaformaður og meðstjórnendurnir Þórir Þjörgvinsson, Elsa Hrönn Grey Auðunsdóttir og Sveinbjörn Kroyer Guðmundsson.

## Iðnaðar- og tækjadeild

Úr stjórn áttu að ganga Ingvar Kristjánsson formaður, Gunnar Magnússon ritari og meðstjórnendurnir Agnar Ingi Svansson, Arnar Kristjánsson og Stefán Gíslason.

Ingvar gaf aftur kost á sér sem formaður, Gunnar bauð sig aftur fram sem ritari og sem meðstjórnendur buðu sig aftur fram þeir Agnar og Stefán. Arnar bauð sig ekki fram á ný og bauð Ingólfur Ásmundsson sig fram sem nýr meðstjórnandi.

Fyrir í stjórn voru Svavar Magnússon varaformaður og meðstjórnendurnir Gísli Einarsson, Þormóður Sigurðsson og Þór Jóhannesson.



Formennirnir þrír sem öll voru endurkjörin á aðalfundum deildanna í ár. F.v.: Ingvar, Guðbjörg og Tryggvi.

## Ályktun vegna Iðnaðarsafnsins

Undir liðnum önnur mál hjá deildinni urðu umræður um stöðu Iðnaðarsafnsins á Akureyri, en stjórn safnsins sögðust þurfa að loka safninu í síðasta lagi 1. mars komi ekki til fjárframlags frá Akureyrarbæ. Eftirfarandi ályktun var lögð fram og samþykkt samhljóða.

*Iðnaðar og tækjadeild Einingar-löju lýsir yfir miklum áhyggjum af framtíð Iðnaðarsafnsins á Akureyri og skorar á bæjaryfirvöld á Akureyri að tryggja safninu þann fjárstuðning sem þarf til að halda þessu merka safni opnu á ársgrundvelli.*

*Iðnaðarsafnið á Akureyri hefur nú í 25 ár safnað og varðveitt sögu iðnfyrirtækja og starfsmanna þeirra og er ómetanlegur gagnagrunnur fyrir sögu iðnaðarbæjarins Akureyri sem okkur ber að varðveita og styðja.*

*Það var iðnaður sem skóp Akureyri og gerði bæinn okkar að því sem hann er, því megum við aldrei gleyma.*

## Opinbera deildin

Úr stjórn áttu að ganga Guðbjörg Helga Andrésdóttir formaður, Guðrún Valdís Eyvindsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Andreea Georgiana Lucaci, Ólöf María Olgeirsdóttir og Valdimar Friðjón Jónsson.

Andreea hafði ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram. Guðbjörg Helga gaf áfram kost á sér í embætti formanns, Guðrún Valdís í embætti ritara og Ólöf María og Valdimar Friðjón sem meðstjórnendur. Auður Eiríksdóttir gaf kost á sér sem nýr meðstjórnandi. Helgi Garðar Skjaldarson og Sýlvía Ösp Hauksdóttir sem kosin voru til tveggja ára á síðasta fundi eru hætt á starfsvæði deildarinnar og því þurfti að kjósa tvo meðstjórnendur til eins árs og buðu Skúli Már Þórmundsson og Elísabet Inga Ásgrímsdóttir sig fram.

Fyrir í stjórn voru Ingibjörg María Ingvadóttir varaformaður og meðstjórnandinn Signý Aðalsteinsdóttir.

## Niceair - tvö niðurgreidd gjafabréf í boði frá áramótum

Síðastliðið sumar gerðu Eining-löja og Niceair með sér samkomulag um tímabundin afsláttarkjör til áramóta á gjafabréfum hjá



Niceair til félagsmanna Einingar-löju. Hver félagsmaður gat keypt eitt niðurgreitt gjafabréf á þessu tímabili og voru félagar duglegir að nýta sér þessi góðu kjör.

Ákveðið var að endurskoða samninginn og framlengja hann með smá breytingu. Hver félagsmaður getur frá síðustu áramótum keypt tvö gjafabréf á ári, sem er sparnaður upp á kr. 20.000. Fyrir hvert bréf er greitt kr. 22.000 en virði gjafabréfsins er kr. 32.000 og er því afslátturinn kr. 10.000 á gjafabréf.

## Gjafabréfin eru seld í gegnum orlofsvef Einingar-löju

Hægt er að nýta gjafabréfin til kaupa á flugfargjaldi og annari bókunarþjónustu hjá Niceair í gegnum bókunarsíðu félagsins [www.niceair.is](http://www.niceair.is)



# GJAFAKORT GLERÁRTORGS

TILVALIN GJÖF VIÐ ÖLL  
TÆKIFÆRI!

GJAFAKORTIN GILDA  
Í YFIR 30 VERSLANIR  
OG VEITINGASTAÐI Á  
GLERÁRTORGI.

PANTAÐU GJAFAKORT Á **GLERARTORG.IS**



Við erum sérfræðingar í prentun  
bóka, almennu prentverki og  
framleiðslu umbúða.  
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða  
við að finna bestu, hagkvæmstu og  
umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.


**Vertu hjartanlega velkomin**



📍 Lynghás 1, 110 Rvk 📞 5 600 600  
Eyravegi 25, 800 Selfoss 📞 482 1944  
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 📞 4 600 700

📧 prentmetoddi.is





# Esomeprazol Actavis

– dregur úr einkennum sýrubakflæðis

FÆST ÁN  
LYFSEÐILS



## Esomeprazol Actavis 20 mg, magasýrupolnar töflur, 14 og 28 stk.

Hver tafla inniheldur 20 mg af virka efninu esómeprazóli og tilheyrir flokki prótónpumpuhemla. Þeir verka með því að minnka framleiðslu sýru í maga. Lyfið er ætlað sem skammtímameðferð hjá fullorðnum við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). **Lesið vandlega** upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins.

Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.

Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)

Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.

Umboðsmaður á Íslandi: Teva Pharma Iceland ehf.

teva